

## MATARHLÉ



**Matgæðingur Krónikunnar að þessu sinni er Ágústa Ólafsdóttir, ritari hjá Tónlistarskólanum á Akureyri. Hún býður upp á miklar kræsingar og skorar á Þuríði Sigurðardóttur, verkefnastjóra hjá skóladeild, að töfra fram enn meiri kræsingar í næsta tölublaði!**

### Kjúklingur m/sætum kartöflum

10 stk leggir eða brjóst olía til steikingar  
1 stk sæt kartafla (stór)  
ca hálfur poki af spinati (grænmeti)  
engifer/angi ferskur ca 1 msk.  
1 stk. rauður laukur  
1 msk. Balsamic edik  
1 msk. púðursykur  
2 msk. ólífuolía  
**Aðferð:**  
Brúnið leggi og brjóst á heitri pönnu í ca 3 mín. á hvorri hlið (ekki of mikið).  
Léttkryddið m/pipar og salti.  
Kartafla skorin í þunnar sneiðar.

Sett í eldfast mót.  
Spinati raðað yfir.  
Ólífuolían sett yfir.  
Skrælaður smá engifer/bútur með rif-járni sett þar ofaná.  
Kjúklingar þar ofaná.  
Hiti: Sett inn í 200 gr heitan ofn í ca hálf tíma (verður safaríkur og góður).  
**Aðferð;**  
Hitið olíu í potti og steikið laukinn við vægan hita í ca 10 mín. Púðursykur er settur úti laukinn, síðan Balsamedikið líka út á laukinn. Hrært saman og látið malla smá (laukur, púðursykur og edik).  
Því næst er laukmaukið sett úti og ofaná kjúklingana í eldfasta mótið síðustu 5 mínúturnar. Borið fram með hrisgrjónum og fersku salati.

### Kærleikskaka í dag

200 gr smjör  
200 gr suðusúkkulaði  
Brætt saman í rólegheitum við vægan hita  
Látið kólna aðeins  
4 egg við stofuhita (gott að taka út daginn áður)  
2 dl sykur  
Þeytt saman létt og ljóst og blandað saman við  
1 dl sigtað hveiti hrært varlega saman við allt.

**Aðferð:**  
Egg og sykur þeytt saman. Ylvolgt smjórið og suðusúkkulaðið hrært saman við. Hveiti hrært varlega saman við í lokin. Sett í vel smurt lausbotna form.  
Bakað á 170 gr heitum ofni í 35 mín.  
Kakan verður mjúk og aðeins blaut.  
**Krem**  
100 gr. smjör  
100 gr. suðusúkkulaði  
2 msk sýróp  
Hitað við mjög vægan hita, kælt aðeins og hellt yfir kökuna. Borin fram köld með þeyttum rjóma.

## GOTT AÐ VITA

Nú streymir starfsfólk Akureyrarbæjar í sumarfrí og sumarstarfsmenn fara að hefja störf innan tíðar. Nýtt starfsfólk Akureyrarbæjar þarf, í samráði við yfirmann sinn, að skila ýmsum gögnum og upplýsingum til starfsmannaþjónustunnar.

Skila þarf skattkortí sem fyrst, en þó eigi síðar en 7 dögum fyrir útborgun.

Skila þarf prófskírteinum vegna fagnáms og vegna kennara þarf að skila leyfisbréfum.

Skila þarf staðfestingum um viðbótarnám sem metið er skv. kjarasamningi starfsmanns, þ.m.t. skírteini vegna stúdentsprófs. Hækkun vegna viðbótarnáms tekur gildi um næstu mánaðamót eftir að staðfesting berst til starfsmannaþjónustu.

Skila þarf starfsvottorðum vegna símenntunarálags, þ.e. staðfestingu fyrri vinnuveitanda á starfstíma í fagi eða staðfestingu á starfstíma hjá öðrum sveitarfélögum eftir því sem við á.

Ef starfsmenn hyggjast greiða í séreignarsjóð þarf að skila samningi þar um hvort sem viðkomandi hefur verið í starfi hjá Akureyrarbæ áður eða ekki.

Nánari upplýsingar er að finna í starfsmannahandbókinni: [www.akureyri.is/starfsmannahandbok](http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok) undir liðnum: Í nýju starfi og skil á gögnum.



Þessi fallega kvöldmynd var tekin af Sundlaug Akureyrar, sem er eitt af aðráttaröflum bæjarins.



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Fjöla Björk Jónsdóttir, Jón Birgir Gunnlaugsson,

Ragnar Hólm og Þórgnýr Dýrfjörð

Netfang: [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is)

Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprént

# Innanbæjar KRÓNÍKA

2. töl. 2. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR MAÍ 2007



Svona leit grunnurinn að menningarhúsinu út síðasta haust. Þegar fullbúið menningarhúsið verður tekið í notkun, á vormánuðum 2009, verður Akureyrarstofa þar til húsa.

## AKUREYRARSTOFA TEKUR TIL STARFA

Akureyrarstofa mun formlega taka til starfa í maí. Hún verður til húsa á fyrstu hæð í Ráðhúsinu þangað til hún flytur í menningarhúsið Hof voríð 2009. Akureyrarstofa mun taka yfir verkefni menningardeildar og markaðs- og kynningardeildar, auk þess sem ferðamála verða á hennar könnu. Akureyrarstofa verður því menningar-, markaðs- og ferðamála skrifstofa Akureyrarbæjar.

Að sögn Þórgnýs Dýrfjörð, nýráðins framkvæmdastjóra, gefast fjölmörg tækifæri til að vinna hlutina öðruvísi en hingað til. „Við ætlum að efla viðburðastjórnun í bænum þannig að til verði fleiri samstilltir hápunktar og það mun m.a. nýtast ferðaþjónustunni með beinum hætti. Við viljum líka færa ímyndarmálin nær lífinu í bænum, þannig að við spilum meira með þeim sem eru með starfi sínu að stækka og efla hugmyndina um Akureyri á ýmsum sviðum, t.d. í menningarlífinu, í íþróttastarfi og atvinnulífi. Við verðum væntanlega fjögur sem störfum á Akureyrarstofu til að byrja með og sameiginlegt markmið okkar er að virkja og gera enn sýnilegri þann slagkraft sem í samfélaginu býr.”

## GAMLA MYNDIN



Myndagetraunin okkar, sem er unnin í góðri samvinnu við Minjasafnið á Akureyri, hefur mælst vel fyrir og barst dágóður fjöldi svara við spurningunni í síðasta tölublaði. Núna bregðum við okkur aðeins út fyrir bænin og spyrjum:

**Hvað heitir húsið sem við sjáum á myndinni hér að ofan?**

Sendið okkur svar sem fyrst á netfangið [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is). Í verðlaun fyrir rétt svar er 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar.

Eins og áður sagði þá bárust þónokkur svör við spurningu síðasta tölublaðs og voru þau öll hárrétt. Rétt er að myndin var tekin í Bókabúð Jónasar. Dreigið var úr innsendum bréfum og upp kom nafn Ingimars Eydal, aðstoðarslökkviliðsstjóra. Hann fær tveggja daga skíðakort í Hlíðarfjall í verðlaun.



Jón Birgir Gunnlaugsson, ritnefndarmaður, afhendir Ingimar Eydal tveggja daga skíðakort í Hlíðarfjall fyrir að hafa sent inn rétt svar við myndagetrauninni í síðasta blaði.

## SAMFÉLAG OG MANNRÉTTINDI



Hluti þeirra stjórnkerfisbreytinga sem gerðar voru í kjölfar sveitarstjórnarkosninga á síðasta ári leiddi til stofnunar nýs pólitísku ráðs hjá Akureyrarbæ, samfélags- og mannréttindaráðs, og nýrrar deildar, samfélags- og mannréttindeildar. En hvert er hlutverk ráðsins og deildarinnar?

Samfélags- og mannréttindaráð hefur til umfjöllunar jafnréttismál kynjanna og önnur mannréttindamál, fjölskyldustefnu, tómstundamál, málefni Menntasmiðjunnar og forvarnamál. Þessir sömu málaflokkar tilheyra samfélags- og mannréttindeild sem að mestu leyti er til húsa í Rósenborg (gamla Barnaskóla Akureyrar) en þar hafa aðsetur Húsið - upplýsinga- og menningarmiðstöð ungs fólks, Menntasmiðjan og Alþjóðastofa, handverksmiðstöðin Punkturinn, forstöðumenn félagsstarfs og tómstundastarfs í hverfum, forvarnafulltrúi og jafnréttisráðgjafi.

## SKÓLADEILDIN Í ÁLASUNDI



Nokkrir starfsmenn skóladeildar á góðum degi í Geirangursfirði.

Allir starfsmenn skóladeildar, ásamt forvarnafulltrúa, skruppu til Álasunds dagana 18.-22. apríl sl. Hópurinn fékk mjög góðar móttökur og hafði tengiliður hópans, Oddmund Kjell Olsen senior ráðgjafi, fag- og forvaltningsenheten, undirbúið metnaðarfulla og stranga dagskrá fyrir fimmtudaginn og föstudaginn. Gestirnir fengu meðal annars fræðslu um stjórnskipulag bæjarfélagsins og ýmis áhugaverð verkefni sem verið er að vinna að í Álasundi. Þar má nefna þjónustusamninga við stofnanir og svo umbótaverkefni í agastjórnun, vinnubrögðum kennara, félags- og tómstundastarfs barna, forvörnum og heilsuefingu. Einnig voru leikskólar og grunnskólar í bænum heimsóttir og starfsemi þeirra skoðuð.

## HVAÐ ERTU AÐ GERA?



**Hulda Pétursdóttir** vinnur við mæðravernd hjá Heilsugæslustöðinni og hefur gert samfleytt síðan í nóvember árið 2005. Hún hafði einnig unnið við mæðraverndina áður, eða á árunum 2002-2003. Blaðamaður Innanbæjarkrónikunnar heilsaði upp á Huldu og lagði fyrir hana nokkrar klassískar spurningar.

**Hvað ertu að gera?** Ég er ljósmóðir og hjúkrunarfræðingur og sinni verðandi mæðrum/foreldrum í meðgöngueftirliti á heilsugæslustöðinni, vinn að vísu líka á fæðingadeild FSA og tek að mér heimaþjónustu eftir fæðingu.

**Hvaðan ertu?** Ég er fædd í Reykjavík en tel mig vera Bolvíking, hef hins vegar flakkað mikið um ævina.

**Fjölskylduhagir?** Gift og á 3ja ára son.

**Af hverju býrðu á Akureyri?** Nánasta fjölskylda býr hér auk þess sem staðurinn er þægilegur að stærð og gott að búa hér.

**Hver eru helstu áhugamál þín?** Ferðalög og fjölskyldan (auk vinnunnar).

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Ökuníðingar og stressað fólk.

**Uppáhaldstónlist?** Nánast alæta á tónlist.

**Hvaða bók lastu síðast?** Barnið: meðgangan, fæðingin og uppeldið á sænsku. Les lítið annað en fagbækur.

**Uppáhaldsmatur?** Lambalæri með öllu.

**Ef þú værir einráð á Akureyri í einn dag, hverju myndirðu breyta?** Minni steypa, meira grænt og fleiri hjólreiða- og göngustígar.